


# Læsisstefna Smáraskóla



Það sem ég geri með börnunum í dag gera þau sjálf á morgun

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
Leiðarljós .....	3
Framtíðarsýn .....	4
Mat og eftirlit - tímaáætlun.....	4
Nemendur með annað móturmál en íslensku.....	7
Heimalestur .....	7
Lestraráttak.....	8
Áherslur í lestrarkennslu .....	8
Um lestur og lestrarerfiðleika .....	8
Heimildaskrá.....	9

## Inngangur

Í Aðalnámsskrá segir að lestur sé öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti sé forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Móðurmál okkar, íslensk tunga og menning tengja saman fortíð þjóðarinnar og nútíð.

Góð lestrarfærni og skilningur á því sem er lesið, er undirstaða náms og leggur Smáraskóli því ríka áherslu á lestrarkennslu. Færni í lestri og góður lesskilningur byggir á þjálfun og er sú þjálfun sameiginlegt verkefni skóla og heimilis. Árangur í lestri byggir á samþættingu margra þátta og þarf að vinna með orðaforða, málskilning og málvitund með mismunandi aðferðum frá upphafi grunnskólagöngu. Orðaforði, málþroski og reynsluheimur nemenda eru undirstöður lesskilnings.

Lestrarstefna Smáraskóla hefur verið í þróun og er unnin eftir þeim lestrarkennsluaðferðum, skimunum og prófum sem notast er við hér í skólanum. Einnig er unnið eftir þeim nýju viðmiðum í lestri sem Menntamálastofnun hefur gefið út. Leitast var við að setja stefnuna upp á því formi að hún nýtist sem vinnuskjal sem hægt er að efla og þróa. Markmið voru sett fram hvað varðar hraðlestrarfærni nemenda og er þeirri færni fylgt eftir með reglulegri skimun, söfnun og úrvinnslu gagna.

Lestur er undirstaða alls bóknáms og gera þarf íslenskukennslunni „ástkæra, ylhýra málinu“ eins góð skil og kostur er.

## Leiðarljós

Í skólanum er unnið með læsi í víðum skilningi og á fjölbreyttan hátt með merkingarbærum viðfangsefnum. Smáraskóli hefur að leiðarljósi að skapa góða lestrarmenningu í skólanum þar sem stuðlað er að áhuga og ánægju af lestri. Lestur er lykillinn að öllu námi og því þarf lestrarþjálfun að vera með fjölbreyttu sniði á öllum stigum skólans.

Hér eru nokkur atriði sem hafa ber í huga:

- Leita þarf leiða til þess að gera viðhorf nemenda og foreldra til lesturs jákvætt.
- Stuðningur við foreldra í lestrarnámi barna sinna.
- Huga skal að ólíkum og fjölbreyttum textagerðum og veita nemendum þjálfun í lestri þeirra í öllum námsgreinum.
- Finna þarf lestrarefni við hæfi hvers og eins og huga að fjölbreyttum og áhugaverðum viðfangsefnum í lestri.
- Skapa skal hvetjandi lestrarumhverfi; hafa áhugavekjandi bækur og annað lestrarefni ávallt sýnilegt sérstaklega í og í kringum setustofu nemenda.
- Finna þarf árangursríkar leiðir til að meta stöðu nemenda í hverjum árgangi með skimunum og lestrarprófum. Grípa inn í með snemmtækri íhlutun þegar ljóst er að um lestrarvanda eða hættu á vanda er að ræða.

## Framtíðarsýn

Góð lestrarfærni er mikilvæg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum. Lestrarkunnátta er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bóka til afþreyingar og skemmtunar. Í Smáraskóla er stuðlað að því að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga nemenda. Þar sem færni í lestri er uppistaða fyrir allt nám leggjum við áherslu á lestrarkennslu í 1.-10. bekk. Mikilvægt er að skapa nemendum tækifæri til að lesa sem oftast sér til ánægju og yndisauka og kenna þeim að nýta sér lestur í víðum skilningi. Það er mikilvægt að nemendur geti valið sér lesefni og geri sér grein fyrir gæðum þess og tengslum við nám, þörf og áhuga.

Námsmat í lestri er kerfisbundið og nær til allra þátta lestrarnámsins, allra aldurstiga og verður notað til að taka ákvarðanir um áframhaldandi lestrarnám og þjálfun. Í Smáraskóla er stuðlað að því að viðfangsefni í lestri og öðrum námsgreinum hæfi aldri, þroska og áhuga nemenda. Þar sem færni í lestri er uppistaða fyrir allt nám leggjum við áherslu á lestrarkennslu í 1.-10. bekk.

## Mat og eftirlit - tímaáætlun

Lesfimið eru lögð fyrir nemendur í öllum árgöngum.

- Notuð eru viðmið MMS
- Tafla 1. Maíviðmið fyrir lesfimið Lesferils – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu

Aldur nemenda	90% viðmið	50% viðmið	25% viðmið
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Viðmiðin eru birt sem rétt lesin orð á mínútu.

## Tímabil prófa, kannana og lestrarátaka í 1.–5. bekk Smáraskóla

Bekkur	september	október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
1.	Stafakönnun Raddlestrarpróf Hljóð/framburðar mat	Lesferill – lesskimun	Lestrarátak	Lestrarbingó heim	Raddlestrarpróf		Lestrarátak *Hljóðfærni Einstaklings- próf lagt fyrir nem. sem eiga í vanda með lestur.		Lesfimiþróf Lesskilningspróf- Hlustunarskilningspróf
2.	Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf Lesskilnings- próf		Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf Les- og hlustunarskil- ingur
3.	Raddlestrarpróf	Orðarún 1	Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf	LOGOS- skimun fyrir þá sem ekki koma vel út úr Lesferli	Lestrarátak	Stafsetning stakra orða Orðarún 2	Raddlestrarpróf Hlustunarskilningspróf
4.	Raddlestrarpróf Samræmt próf ísl/stæ	Orðarún 1	Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Stafsetning stakra orða Orðarún 2	Raddlestrarpróf Hlustunarskilningspróf
5.	Raddlestrarpróf	Orðarún 1	Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Stafsetning stakra orða Orðarún 2	Raddlestrarpróf Hlustunarskilningspróf

\*Hljóðfærni er greiningarpróf fyrir börn í 1. bekk sem teljast í áhættuhópi vegna lestraröðugleika (hljóðkerfisvitund – hljóðvitund). Má leggja fyrir á tímabilinu 1. október – 31. janúar og 1. mars – 30. júní. Ef ástæða þykir til eru einstaka nemendur prófaðir oftar.

## Tímabil prófa, kannana og lestrarátaka í 6.-10. bekk Smáraskóla

Bekkur	september	október	nóvember	desember	janúar	febrúar	mars	apríl	maí
6.	Raddlestrarpróf	Orðarún 1	Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Stafsetning stakra orða Orðarún 2	Raddlestrarpróf
7.	Raddlestrarpróf Samræmt próf ísl/stæ	Orðarún 1	Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Stafsetning stakra orða Orðarún 2	Raddlestrarpróf
8.	Raddlestrarpróf Heimalestur allt skólaárið, foreldri kvittar	Lestrarátak LOGOS skimun Orðarún 1	Lestrarátak	Stafsetning stakra orða	Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Stafsetning stakra orða Orðarún 2	Raddlestrarpróf Samantekt á heimalestri
9.	Raddlestrarpróf Heimalestur allt skólaárið, foreldri kvittar. Samræmt próf ísl/stæ	Lesskilningspróf	Lestrarátak		Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Lesskilningspróf	Raddlestrarpróf Samantekt á heimalestri
10.	Raddlestarpróf Heimalestur allt skólaárið, foreldri kvittar	Lesskilningspróf	Lestrarátak		Raddlestrarpróf		Lestrarátak	Lesskilningspróf	Raddlestrarpróf Samantekt á heimalestri

Ef ástæða þykir til eru einstaka nemendur prófaðir oftar. Ef þörf er á lestrargreiningu eða málþroskaathugun er brugðist við því.

## Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Mikilvægt er að nemendur með annað móðurmál en íslensku þrói með sér læsi, lestur og ritun, líkt og lagt er til um aðra nemendur og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Íslenskunámið og þar með talið læsi á að vera samtvinnað námi á öllum námssviðum skólans.

Öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli á öllum stigum grunnskólans er mikilvægt. Fjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki í að skapa virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda á virku tvítyngi (Aðalnámskrá grunnskóla 2011).

Í Smáraskóla er lögð áhersla á:

- að allir nemendur hafi sömu möguleika til að ná góðum árangri í læsi óháð tungumáli
- að vinna með íslenskt mál og tengja það móðurmáli nemandans (virkt tvítyngi)
- að vinna með foreldrum og fræða þá um mikilvægi þess að nemendur eigi virkt móðurmál
- að efla skilning foreldra á mikilvægi íslenskunnar í tengslum við hugsanlega námsmöguleika í framtíðinni
- að auka sérstakan stuðning svo erlendir nemendur nái sömu viðmiðum og aðrir nemendur í læsi
- að auka aðgang að bókum/ritmáli á ólíkum tungumálum
- að túlkabjónusta sé aðgengileg

## Heimalestur

Á haustin heldur skólinn fræðslufund fyrir foreldra og forráðamenn barna í 1. bekk. Þar er farið yfir hlutverk þeirra í lestrarnámi barnanna.

Hlutverk foreldra og forráðamanna er mikilvægt í lestrarnámi barna þ.e. að fylgja eftir heimalestri barnanna. Barnið þarf að lesa upphátt a.m.k. fimm sinnum í viku. Í sumum tilfellum getur verið nauðsynlegt að barnið lesi hverja blaðsíðu tvisvar eða þrisvar og gefur kennari þá fyrirmæli um slíkar áherslur. Til að fylgja lestrarnáminu eftir skrá kennarar og foreldrar lesturinn í skráningarbækur sem barnið hefur ásamt lestrarbókinni í skólatöskunni. Á þann hátt geta kennarar og foreldrar fylgst með lestrarferlinu og aðstoðað barnið við að velja viðeigandi bækur. Nemendur á yngsta stigi skrifa 3-5 orð daglega samhliða heimalestri eftir upplestri foreldris.

Sé heimalestri ábótavant hjá barni fer orðsending frá umsjónarkennara til foreldra þar sem bent er á að úrbóta sé þörf. Verði engin breyting á ástundun þrátt fyrir ítrekaðar athugasemdir verður málinu vísað til skólastjórnenda.

Mikilvægt er að skapa hvetjandi lestrarumhverfi og einnig er mikilvægt að lestur verði hluti af daglegri rútinu heimilisins í rólegu og afslöppuðu umhverfi. Þegar barnið les er mikilvægt að

setið sé hjá því, hlustað á lesturinn, rangt lesin orð leiðrétt og hrósað þegar rétt og vel er lesið. Einnig er nauðsynlegt að spyrja spurninga um efni textans.

Lestrarnám barna þarf að vera samstarfsverkefni heimilis og skóla og mikilvægt að rækta það samstarf vel.

## Lestraráttak

Lestraráttak er tvisvar á ári í skólanum, einu sinni á hvorri önn. Á haustönn er lestraráttak um mánaðamótin október/nóvember og á vorönn í mars. Þegar lestraráttak er í gangi fær lestur aukið vægi í stundaskrá skólans með það markmið í huga að auka lestrarfærni nemandans ásamt því að efla áhuga á lestri góðra bóka. Mikilvægt að er að foreldrar taki þátt, tali um átakið, lesi með börnunum ásamt því að hlusta á þau lesa. Við hvetjum foreldra til að kynna sér hvaða viðmiði börnin þurfa að ná til að fá viðurkenningu og aðstoði þau við að ná því viðmiði.

## Áherslur í lestrarkennslu

	1.-4. bekkur	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur
Lesið fyrir börnin	Alla daga (nesti)	Alla daga (nesti)	Einu sinni í viku
Skólalestur- lesið fyrir kennara eða féлага	Að minnsta kosti þrisvar í viku	Að minnsta kosti þrisvar í viku	Að minnsta kosti einu sinni í viku
Heimalestur	Að minnsta kosti fimm sinnum í viku	Að minnsta kosti fimm sinnum í viku	Að minnsta kosti fimm sinnum í viku
Frjáls lestur - yndislestur	Alla daga	Alla daga	Minnst þrisvar í viku
Lestraráttök	Tvisvar á skólaári	Tvisvar á skólaári	Tvisvar á skólaári
Vinna með orðaforða/málskilning/lesskilning	Alla daga	Alla daga	Alla daga
Framsagnarlestur	4. bekk – Litla upplestrarkeppnin	7. bekk – Stóra upplestrarkeppnin	

## Um lestur og lestrarerfiðleika

Lestur byggir á tveimur hugrænum aðgerðum, annars vegar umskráningu og hins vegar lesskilningi. Einnig þarf að vera til staðar áhugi og hvatning. Lestur vísar til þess að börn nái tókum á báðum þessum þáttum. Lestur getur aðeins átt sér stað þegar þessi tvö ferli vinna saman. Ekki er nóg að bera kennsl á/lesa orð (umskráning), heldur þarf einnig að skilja það sem lesið er. Út frá umskráningu og málskilningi má greina styrkleika og veikleika nemanda í lestri og þannig skipuleggja viðeigandi kennslu. Í Smáraskóla er algengast að kenna lestur með hljóðaaðferð. Einnig eru lagðar inn orðmyndir algengra orða.



Hugtökin dyslexía, torlæsi, leshömlun og lesblinda merkja það sama þ.e. erfiðleika í lestri. Dyslexía er eitt afbrigði námsörðugleika sem gerður er greinarmunur á. Hún birtist í erfiðleikum með ólík form tungumálsins og felur oft í sér auk lestrarerfiðleika, augljós vandkvæði við að ná góðum tókum á ritleikni og stafsetningu. Nútíma tækni gerir nemendum kleift að nota spjaldtölvur, geisladiska (eða hljóðsnældur), stærra letur, breytt letur (stækkað, breikkað, mismunandi leturgerð) eða litaðan bakgrunn texta, til að hlusta á og létta sér róðurinn í námi þó að slíkt leysi nemandann engan veginn undan því að lesa eða skrifa. Margs konar leiðbeiningar um hjálp til handa nemendum með lestrarerfiðleika getur fólk fundið á netinu t.d. undir leitarorðinu „dyslexía“ (dysleksi, dyslexia), sem er alþjóðlegt heiti lestrarerfiðleika. Þær snúast að sjálfsgöðu einnig um hið hefðbundna, þ.e. að nemandinn sýni þolgæði og framtakssemi til að ná framförum í námi.

Erfitt er að verða góður lesari ef lítið er lesið. Ýmsar leiðir má fara til að efla lestur, s.s. gagnvirkan lestur, heimalestur, víxllestur, endurtekinn lestur, kórlestur, skiptilestur, mínútulestur og hljóðlestur. Það sem lesið er þarf að vera hæfilega þungt og höfða til lesarans. Gott samstarf heimila og skóla er þó alltaf mikilvægast svo að árangur náist.

## Heimildaskrá

**Aðalnámskrá grunnskóla**, 2011. Reykjavík, Menntamálaráðuneytið.

Bjartey Sigurðardóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2012). **Hljóðfærni: Greiningarpróf fyrir börn í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lestrarörðugleika – hljóðkerfisvitund – hljóðavitund.**

**Drög að stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur** (2016).

Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.) **Hvað er lestur?** Lesvefurinn. Sótt 9. mars 2017 af [http://lesvefurinn.hi.is/hvad\\_er\\_lestur](http://lesvefurinn.hi.is/hvad_er_lestur).

[www.Menntamalastofnun.is](http://www.Menntamalastofnun.is). **Lesfímiviðmið**. (Sótt 8. janúar 2017).

[www.Sjalandsskoli.is](http://www.Sjalandsskoli.is). **Lestrarstefna Sjálandsskóla**. (Sótt 11. mars 2017).